



Starfsskýrsla

Skógræktarfélags Garðabæjar

2021-2022



Starfsskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2021 til 31. ágúst 2022

Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988.

Félagið er félag allrar fjölskyldunnar, með um 345 félagsmenn.



Skógræktarsvæði félagsins eru: Smalaholt og Sandahlíð en þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns svo og Tjarnholt og Hádegisholt sem eru upp af Urriðavatni í suður. Félagið var áður með ræktun í Leirdal við Lönguhlíð sem var tekinn undir þjóðlendur. Einnig er félagið að rækta jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði. Þá hefur félagið yfir að ráða aðstöðu austast í landi Vífilsstaða fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Tvö skógræktarsvæði í umsjón Skógræktarfélags Garðabæjar þ.e. **Smalaholt og Sandahlíð** í nágrenni Vífilsstaðavatns eru vinsælir útivistarskógar með skógarstígum. Stígarnir í Sandahlíð eru um 4,2 km að lengd og stígarnir í Smalaholti eru núna um 5 km á lengd en munu líklega styttest um 1 km þegar hluti af skóginum fer undir golfvöll.



Smalaholt



Sandahlíð

Í skógunum eru fjöldi bekkja sem og nestisborð á áningarstöðum. Útigrill eru bæði í Sandahlíð og Smalaholti. Þá eru leiktæki í Sandahlíð við Sandaflöt, sandkassi, rólur og aparóla.



Sandaflöt í Sandahlíð með nestisborðum, útigrilli, rólum og sandkassa



Skógarnir í Sandahlíð og Smalaholti eru vinsæl útivistarsvæði í skjóli trjáanna sem Garðbæingar og aðrir gestir geta notið.





Kortið sem hér fyrir neðan sýnir þéttriðið stíganet um skógana í Sandahlíð og Smalaholt, samtals tæplega 10 km. Stígarnir eru fjólubláir og gulgrænir á kortinu.



Stjórn félags Skógræktarfélags Garðabæjar

Stjórn Skógræktarfélagsins er skipuð eftirfarandi félögum frá aðalfundi mánudaginn 28. mars 2022 sem haldinn var í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Aðalstjórn:

- Krístrún Sigurðardóttir, formaður
- Sigurður Þórðarson, varaformaður
- Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari
- Barbara Stanzeit, gjaldkeri
- Einar Örn Jónsson, vefstjóri
- Jón Ásgeir Jónsson, meðstjórnandi
- Heimir Sigurðsson, meðstjórnandi

Varastjórn:

- Ásta Leifsdóttir
- Gísli Ívarsson
- Kristján Sveinbjörnsson
- Narfi Hjartarson

Skoðunarmenn reikninga:

- Ólafur Nilsson aðalskoðunarmaður
- Snorri Magnússon varaskoðunarm.

Fræðsluerindi á aðalfundi

Sigurður Þórðarson varaformaður Skógræktarfélagsins hélt fræðsluerindið „Eðaltré í görðum og skógi“ í máli og myndum á aðalfundinum.

Myndin hér til hliðar er tekin í landnámsreit Sigurðar og fjölskyldu hans í Smalaholti. Á myndinni má sjá skemmtilegt samspil furu og greni í bakgrunn og blómstrandi runna og lúpínu innan um.



Samstarfssamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagsins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 3. mars 2017 og gildir í sex ár til ársloka 2022. Komið er að endurnýjun á Samstarfssamningnum.

Nauðsynlegt er að samningsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamninga við fagfólk til starfa á skógræktarsvæðum félagsins.

Heimasíðan www.skoggb.is

Heimasíða félagsins var opnuð á aðalfundi félagsins í apríl 2019.

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Þar eru auglýstir viðburðir á vegum félagsins og birtar fréttir með myndum auk annarra upplýsinga.

Á heimasíðu félagsins má nálgast áhugavert yfirlit yfir sögu félagsins í yfir 30 ár frá stofnun þess: <https://www.skoggb.is/felagid/agrip-af-sogu/>

Þar er einnig hægt að nálgast kort af skógræktarsvæðum í Smalaholti og Sandahlíð: <https://www.skoggb.is/wp-content/uploads/2019/01/Mynd.jpg>

Félagsstarf

Haustferð félagsins féll því miður niður haustið 2021 vegna Covid 19.

Jólaskógur

Góð aðsókn var í jólaskóg í Smalaholti laugardaginn 11. desember 2021 en þetta var í 17. skipti sem Skógræktarfélag Garðabæjar bauð upp á jólaskóg.

Fjölskyldur nutu útivistar í skóginum í jólasnjó við val á hinu eina sanna jólatré sem þær söguðu sjálfar.



Vinnukvöld

Félagar í Skógræktarfélaginu tóku þátt í vinnukvöldi 30. maí 2022.

Hluti hópsins bar áburð á eðalplöntur í Smalaholti í nágrenni við trjásýnistíg, sem liggur um svæði þar sem grunnskólabörn gróðursettu birki fyrir um 30 árum. Skógræktarfélagið ákvað síðan, í framhaldinu þegar skjól hafði myndast á svæðinu, að auka fjölbreytileikann og setja niður ýmsar eðalplöntur sem alla jafnan vaxa ekki í Smalaholti enda jarðvegur frekar rýr. Regluleg áburðargjöf hjálpar til við að plönturnar nái að vaxa og dafna á svæðinu.

Einnig voru sagaðir stubbar í skógunum sem urðu eftir þegar jólatré voru söguð í skóginum fyrir jólin 2021.

Einnig var skilti við aðkomuna í Smalaholti undirbúið fyrir málningu.



Hluti hópsins hélt í Sandahlíð þar sem borið var á tréverk, s.s. girðingu, sandkassa, borð og bekki. Þá var grisjað frá stígum með því að saga tré og greinar.



Nestisborð á Sandaflöt í Sandahlíð
undirbúið undir málun

Að loknu góðu verki var ljúft að setjast niður við nestisborðin á Sandaflöt og fá sér hressingu.

Gróðursetning nemenda í Garðabæ

Yrkjugróðursetningar grunnskólabarna

Skógræktarfélagið hefur haft umsjón með gróðursetningum grunnskólabarna í Garðabæ síðan Yrkjuverkefnið hófst árið 1990. Félagið hefur útvegað svæði til gróðursetninga, lánað verkfæri og ekki síst leiðbeint nemendum við gróðursetningu.

Í september nú í haust gróðursettu nemendur í 4. bekk Hofstaðaskóla og 4. bekk í Álfanesskóla í Sandahlíð. Nemendur komu með rútu í Sandahlíð og gengu upp hlíðina í gegnum skóginn, tæpan 1 km. þar sem blasti við fallegur mói sem ekki er þakinn lúpínu og hentar því vel fyrir litlar bakkaplöntur. Að þessu sinni settu áhugasamir nemendur niður 220 birki bakkaplöntur með um tveggja metra millibili.

Formaður skipulagði verkefnið og tveir stjórnarmenn leiðbeindu nemendum úr hvorum skóla á svæðinu varðandi gróðursetningu.



Útskriftarnemendur í FG gróðursetja í Smalaholti

Útskriftarnemendur í Fjölbrautarskóla Garðabæjar mættu í Smalaholt annað haustið í röð til að gróðursetja trjáplöntur, aðallega birki. Plönturnar sem voru um 50 cm á hæð fengu nemendur hjá Skógræktarfélaginu svo og verkfæri og prik, rauð í endann til að merkja hverja plöntu, sem voru gróðursettar í lúpinusvæði. Hætta er á að plönturnar týnist í lúpínunni ef þær eru ekki merktar. Lúpínan var stigin niður frá plöntunum sem settar voru niður í fyrra.



Prik við nýgróðursettar birkiplöntur í Smalaholti

Framkvæmdir á tímabili starfsskýrslunnar

Ekki tókst að ráða starfsmann til Skógræktarfélags Garðabæjar sumarið 2022.

Lúpínusláttur

Verktaki var ráðinn til að slá lúpínuna sem er mjög ágeng planta og leggst yfir stíga og vegi þegar líður á sumarið ef ekkert er að gert. Hér er um að ræða mjög brýnt verkefni til að tryggja aðgengi íbúa að skógunum sem eru mjög vinsæl útivistarsvæði.

Slegið var meðfram göngustígum í Smalaholti eftir þörfum, sumarið 2022.



Bekkir

Skógræktarfélagið keypti 3 bekki sem komið var fyrir í Sandahlíð. Tveimur bekkjum var komið fyrir efst í Sandahlíð meðfram kurlslóðanum og einn var settur við lúpínuslóðann sem sleginn var þvert yfir hlíðina sumarið 2021. Starfsmenn í umhverfishóp Garðabæjar sáu um að koma bekkjunum fyrir.



Umhverfishópur vinnur við að flytja bekk



Lagfæring á bekk í Smalaholti

Lagfæra þurfti bekk í Smalaholti sem var brotinn og fékk Skógræktarfélagið starfskrafta frá þjónustudeild Garðabæjar til að vinna verkið en félagið greiddi kostnað við hráefni.

Samstarf Skógræktarfélagasins

Skógræktarfélag Ísland

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar en vegna Covid voru fáir viðburðir.

Fulltrúafundur var haldinn 11. júní í Guðmundarlundi í Kópavogi af Skógræktarfélagi Íslands. Þema fundarins var; Bætt aðgengi að útivistarskógum skógræktarféлага. Átta stjórnarmenn mættu á fundinn og þar af fluttu tveir félagar erindi.

Fundur hagsmunaaðila vegna gróðurelda á höfuðborgarsvæðinu

Einn fjarfundur og annar fundur í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð voru haldnir að frumkvæði brunavarna á höfuðborgarsvæðisins. Formaður og varaformaður tóku þátt í þessum fundum.

Smalaholt í hættu - skipulag um nýtingu Vífilsstaðalands

29. janúar 2021 sendi stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar athugasemdir til Bæjarstjórnar Garðabæjar við svari Garðabæjar vegna umsagnar Skógræktarfélagsins á kafla 4.5. er fjallar um bætur á gróðri.

Félagið færði rök fyrir því að það sé óumdeilanlegt að allar trjáplöntur á því svæði sem fyrirhugað er að fari undir golfvöll og vegalagningu í Smalaholti séu í eigu Skógræktarfélags Garðabæjar. Skógræktarfélagið ítrekar enn og aftur að óvilhallir aðilar verði fengnir til að meta þann skaða sem Skógræktarfélagið verður fyrir og tjónið verði bætt að fullu.

Þó að Skógræktarfélagið fái bætur fyrir trén sem hverfa undir golfvöll verður seint hægt að bæta fyrir skaðann sem umhverfið verður fyrir ef allt að 30 ára gömul tré verði felld og fara undir golfvöll.

Skipulags- og matslýsing fyrir Vetrarmýri og Smalaholt, íþróttar- og útivistarsvæði

26.8.2022

Auglýsing 26.08. 2022

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt skipulags- og matslýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Vetrarmýri og Smalaholt, íþróttar- og útivistarsvæði skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Innan deiliskipulagsins er Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG) í Vetrarmýri og útivistarskógur Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti. Deiliskipulagið tekur líka til breyttrar og framlengdrar legu Vífilsstaðavegar að Kjóavöllum. Skipulagssvæðið er um 130 ha. Viðfangsefni deiliskipulagsins er að samþætta golf- og skógræktarsvæðin með áherslu á ofanvatnslausnir, íþróttaiðkun og útivist auk breyttrar veglínu hluta Vífilsstaðavegar að Kjóavöllum.

Skógræktarfélagi Garðabæjar var boðið að koma með athugasemdir við skipulags og matslýsingu við gerð deiliskipulagsins, sjá auglýsingu hér fyrir ofan. Félagið sendi inn athugasemdir en hefur ekki enn fengið svar hvort þær verði teknar til greina.

Samkvæmt skipulagsferli og mögulegum tímaramma ætti deiliskipulag á svæðinu að liggja fyrir í júní 2023.

Skógræktarfélag Garðabæjar lýsir enn og aftur yfir miklum vonbrigðum með að um 13 hektarar af gróskumiklum skógi í Smalaholti verði tekinn undir golfvöll með tilheyrandi eyðingu skógar.



Gróskumikill greniskógur í Smalaholti sem fer væntanlega undir golfvöll

Starfsáætlun 2022-2023

- Verja og vernda skógræktarsvæði félagsins.
- Grisja og viðhalda skógum á umsjónarsvæðum félagsins.
- Sala jólatrjáa af svæðunum.
- Skógardagur – Líf í lundi.
- Umsjón og aðstoð við Yrkjugróðursetningu grunnskólabarna í Garðabæ.
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnreit.
- Viðhald stíga í Smalaholti og Sandahlíð.
- Leggja nýja útivistarslóða í Hádegisholti og Sandahlíð.
- Gerð fræðsluskilta, merkingar trjátegunda og stíga o.fl.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.
- Gróðursetning og umhirða í jólatrjáareit í Brynjudal.
- Halda við, endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.
- Fræðsla til félagsmanna og annarra s.s. með haustferð, myndakvöldi og fræðsluerindi.
- Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2022-2023

Félagið stefnir á að ráða verktaka eða starfsmann sumarið 2023 til ýmissa verkefna. Haldið verði áfram með gerð nýrra gönguslóða og gömlum viðhaldið á skógræktarsvæðunum.

Kostnaðaráætlun fyrir starfstyrk frá bæjarsjóði starfsárið 2022-2023

Útivistarstígar – lúpínusláttur, viðhald, grisjun o.fl.	kr.	1.800.000
Rekstur á heimasíðu félagsins	kr.	308.000
Tilfallandi kostnaður vegna starfseminnar	kr.	<u>892.000</u>
Samtals	kr.	3.000.000

Samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélagsins við Garðabæ ber stjórn félagsins að skila árlega starfskýrslu við gerð fjárhagsáætlunar, nú skilað 10. nóvember 2023.

Garðabæ, 10. nóvember 2022

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Kristrún Sigurðardóttir formaður

Sigurður Þórðarson varaformaður

